



PERMANENT MISSION OF ICELAND  
TO THE UNITED NATIONS

13. marz 1961

*Góð vinur,*

Eg vil hér með þakka þér fyrir síðustu samfundi og ánægju-  
legar viðræður. Einnig bið eg þig að skila kærri kveðju til konu  
þinnar og þakka fyrir gestrisni á ykkar heimili.

Aðallega vildi eg óska þér til hamingju með mikinn og sögu-  
legan sigur í deilunni við Breta um landhelgi Íslands. Samkomu-  
lagið er mun betra en nokkur gat vænst í upphafi deilunnar, og  
sýnir það, að vel hefur verið haldið á málinu af hendi Íslendinga.  
Aðal atriðið fyrir okkur var að vinna samúð annarra þjóða og fá  
almenningsálitið í heiminum á okkar sveif, og það tókst. Þetta  
held eg að hafi verið bitrasta vopnið í baráttunni, en eg er þér  
alveg sammála í því sem þú sagðir á Varðarfundinum, að samtöl for-  
sætisráðherra og utanríkisráðherra við aðal valdamenn Breta í  
síðasta þætti málsins, hafi haft úrslitaáhrif og ráðið mestu um  
að samningar tókust svo giftusamlega. Það er víst að fólkið út  
um heim lítur á úrslitin sem sigur Íslendinga, og hvert sem eg fer  
í Washington eða hér hjá Sameinuðu þjóðunum eru allir að óska mér  
til hamingju með sigur Íslendinga. Við höfðum um 300 manns í boði  
hjá okkur hinn 2. marz, og rigndi þá yfir okkur úr öllum áttum  
heillaóskum út af þessu máli, og ekki sízt frá ráðamönnum úr State  
Department. Það er aðeins sorglegt, að Framsókn skyldi taka svona  
heiptúðlega og heimskulega á þessu máli, og eru það lítil meðmæli

Hr. dómsmálaráðherra  
Bjarni Benediktsson  
Reykjavík

PERMANENT MISSION OF ICELAND  
TO THE UNITED NATIONS

p. t. New York  
2. október 1961

Kæri vinur:

Eg vildi mega óska þér til hamingju með forsætisráð-  
herrastarfið, þótt það komi ekki til af góðu að þú tekur við  
því, og að um stundarsakir sé að ræða. En eg veit að þetta er  
aðeins í fyrsta sinn, og vona að það verði oft síðar sem þú  
tekur að þér þennan vanda.

Eg var því mjög feginn að heyra að Ólafur skyldi taka  
þessa ákvörðun, því eg veit að það er honum fyrir beztu, og ekki  
efast eg um, að hann kemur heim aftur hvíldur og styrkari en áður,  
og ánægður með að takast á hendur aftur mikil störf.

Eg vona að hitta hann bráðlega aðeins til stutts við-  
tals, því hann vill ekki koma til Washington, og kann að vera að  
það sé einna skynsamlegast.

Eg orðlengi þetta ekki frekar. Eg veit að þú fylgist  
með í því hvað hér er að gerast, bæði í Washington og á alls-  
herjarþinginu.

Með kærum kveðjum til þín og konu þinnar frá okkur  
Agústu.

Þinn einlægur,

Hr. forsætisráðherra  
Bjarni Benediktsson  
Reykjavík



PERMANENT MISSION OF ICELAND  
TO THE UNITED NATIONS

13. nóvember 1961

*Kæri vin,*

Eg þakka þín vinsamlegu bréf frá 18. og 30. október.

Um forstjórarstarfið hjá Eimskip er það að segja, að mér barst að kvöldi 2. nóvember, bréf frá formanni félagsstjórnarinnar, vini mínum, Einari Baldvin, þar sem hann tjáir mér, að honum hafi verið falið af öllum mættum stjórnarmönnum að spyrja mig hvort eg vildi taka að mér forstjórarstarfið. Eg símaði þegar daginn eftir að eg vildi hugleiða málið í nokkra daga, og jafnvel skreppa til Reykjavíkur til að ráðgast við stjórn Eimskip og utanríkisráðherra.

Eg sendi þér hér með afrit af bréfi mínu, sem eg var að skrifa Einari Baldvin, en niðurstaðan varð sú, að eg tjáði honum með símskeyti þann 12. þ.m. að eg kysi heldur að starfa áfram að hagsmunum Íslands erlendis um stund. Afstaða mín er að öðru leyti skýrð í bréfinu til formanns stjórnarinnar, og munt þú sjá af því, að mér var mikill vandi á herðum, en eg veit að þetta mál mun leysast á heppilegan hátt fyrir Eimskip.

Mér þykir leitt að heyra um vandamál Gísla Jónssonar vegna Haraldar sonar hans. Gísli er einnig góður vinur minn, og vildi eg gjarnan geta leyst vanda hans, en þó finnst mér að alls ekki hefði til mála komið að senda svo óreyndan mann beint til Washington. Guðmundur Í. skrifaði mér einnig um þetta mál, og hefi eg nú svarað honum og sent umsóknareyðublöð fyrir Harald til að sækja

Hr. forsætisráðherra  
Bjarni Benediktsson  
Reykjavík

um starf sem "trainee" hjá Sameinuðu þjóðunum, en það er það einasta starf, sem eg tel að nokkur von væri til að fá, þar sem ágengnin er orðin alveg gífurleg um störf nú þegar aðildarríkin eru orðin 103. Nú er orðið svo að til þess að komast inn í byggingu Sameinuðu þjóðanna eða í starf þurfa menn helst að vera dökkir á lit.

Blessaður,

Thor

13. nóvember, 1961

Eg vil hér með þakka þér innilega fyrir þitt vinsamlega bréf frá 1. þ.m. þar sem þú skýrir mér frá því, að þér hafi verið falið af öllum mettum stjórnarmönnum Eimskipafélags Íslands að spyrja mig, hvort eg vildi taka að mér framkvæmdastjórarstarfið þar, þegar það losnar nú, er Guðmundur Vilhjálmsson lætur af störfum.

Mér þótti að sjálfsögðu vænt um að stjórn Eimskips vill sýna mér svo mikið traust, og fannst mér það mjög freistandi að taka við þessu glæsilega tilboði. Eg vildi þó íhuga málið og ráðgast við konu mína og syni, sem báðir eru kvongaðir og búsettir hér, í Washington og í New York. Mér er það ljóst að starf forstjóra Eimskipafélags Íslands er mjög vandasamt og í mörg horn er að líta í rekstri svo stórs fyrirtækis. Enda þótt okkur hjónunum langi oftsinnis til að flytjast búferlum heim, þá varð hin endanlega niðurstaða af þessum hugleiðingum að eg kaus heldur að starfa áfram að hagsmunum Íslands hér í Bandaríkjunum, að minnsta kosti um stund, enda er starf mitt hér æði margbrotið, þar sem eg er sendiherra í mörgum löndum hér í Vesturheimi, og hef auk þess allan ársins hring mikil störf sem sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

Mér er það ljóst að eg hefi gefið frá mér mikið og glæsilegt tækifæri, og eigi eg eftir að sjá eftir því, þá get eg mér einum um kennt.

Hr. hestarettarlögmaður  
Einar B. Guðmundsson  
Vífimel 27, Reykjavík

Eg vil enn á ný biðja þig að færa öllum stjórnarmönnum kærar kveðjur frá mér með þakklæti fyrir þeirra vinsamlega og mikilsverða tilboð. Eg veit að stjórn Eimskips getur valið um marga mjög hæfa menn, og óska eg þess að valið megi takast svo að hagur og vegur Eimskips blómgi á komandi árum.

Með kærri kveðju.

Þinn einlægur,

Þetta þótti að sjálfsögðu væri um að stjórna Eimskipi vill sjá af sér svo mikil trúst, og farnar mér þá mjög frelsandi að taka við þessu glæsilega tilboði. Þy vildi þó þessa mála og stjórna þess þess að sjá og sýni, að þetta væri ávallt og hversu þess í hennar og í New York. Þetta er þá ljóst að þessi stjórna Eimskipsfélagi Íslands er mjög vandast og í öllum hvern er þess í hennar svo að sjá þess. Þetta er þá ljóst að þessi stjórna Eimskipsfélagi Íslands er mjög vandast og í öllum hvern er þess í hennar svo að sjá þess. Þetta er þá ljóst að þessi stjórna Eimskipsfélagi Íslands er mjög vandast og í öllum hvern er þess í hennar svo að sjá þess.

Þú, hvarftrúgustur  
Pinn E. Guðmundsson  
Vísindi 17, Reykjavík.